

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2017/980****2022/EES/20/09**

frá 7. júní 2017

**um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur fyrir samstarf við eftirlitsstarfsemi, sannprófanir á staðnum, rannsóknir og upplýsingaskipti milli eftirlitsyfirvalda í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB <sup>(1)</sup>, einkum 4. mgr. 80. gr. og 4. mgr. 81. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í tilskipun 2014/65/ESB er kveðið á um skyldur varðandi samstarf og upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda. Lögbæru yfirvaldi er heimilt innan ramma þess fyrirkomulags að óska eftir samstarfi við lögbært yfirvald í öðru aðildarríki vegna sannprófunar á vettvangi eða rannsóknar.
2. Til að tryggja að lögbær yfirvöld geti starfað saman og skipst á upplýsingum með skilvirkum hætti og tímanlega samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2014/65/ESB og veitt hvort öðru gagnkvæma aðstoð að öllu leyti þykir rétt að mæla fyrir um verklagsreglur sem og sniðmát og eyðublöð sem lögbær yfirvöld eiga að nota fyrir slíkt samstarf og upplýsingaskipti, þ.m.t. fyrir framlagningu beiðna um samstarf eða upplýsingaskipti, staðfestingar á móttöku slíkra beiðna og svör við þeim.
3. Til að tryggja að yfirvöld sem beiðni er beint til taki beiðnir um samstarf eða upplýsingar til meðferðar á skilvirkan og skjótan hátt ætti í hverri beiðni að tilgreina með skýrum hætti ástæðuna fyrir beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti. Auk notkunar sniðmáta og eyðublaða fyrir beiðnir um samstarf eða upplýsingar og svör við slíkum beiðnum ættu verklagsreglurnar um samstarf og upplýsingaskipti að gera samskipti, samráð og gagnvirkni milli yfirvaldsins sem leggur fram beiðni og yfirvaldsins sem beiðni er beint til auðveldari í öllu ferlinu.
4. Í þessari reglugerð eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkennd í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.
5. Til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðsins er nauðsynlegt að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og ákvæðin sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/65/ESB komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 6) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin (ESMA) hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
7. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur hvorki haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlunum sem þessi reglugerð byggist á né greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning af að taka upp þau stöðluðu eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur sem viðkomandi lögbær yfirvöld eiga að nota, þar sem það mundi ekki vera í samræmi við umfang og áhrif þessara staðla, að teknu tilliti til þess að viðtakendur þeirra væru eingöngu lögbær landsyfirvöld aðildarríkjanna og ekki markaðsaðilar.
8. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur leitað eftir áliti hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót í samræmi við 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 <sup>(2)</sup>.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 148, 10.6.2017, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

<sup>(2)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

### **Tengiliðir**

1. Lögbær yfirvöld skulu tilnefna tengiliði til að sinna samskiptum vegna beiðna um samstarf eða upplýsingaskipta skv. 80. og 81. gr. tilskipunar 2014/65/ESB í sömu röð. Þau skulu birta upplýsingarnar um tengiliðina á vefsetri sínu.
2. Lögbær yfirvöld skulu senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni upplýsingarnar um tengiliði sína. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal halda og uppfæra skrá yfir tengiliðina sem tilnefndir eru í samræmi við 1. mgr., til notkunar hjá lögbæru yfirvöldunum.

*2. gr.*

### **Beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti**

1. Yfirvald sem leggur fram beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti skal gera það á pappírformi eða með rafrænum hætti, og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í I. viðauka. Það skal stíla beiðnina á tengilið yfirvaldsins sem beiðninni er beint til.
2. Í brýnum tilvikum er yfirvaldinu sem leggur fram beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti heimilt að gera það munnlega, að því tilskildu að beiðnin sé staðfest skriflega í kjölfarið innan hæfilegs frests nema yfirvaldið sem beiðninni er beint til samþykki annað.
3. Yfirvaldinu sem leggur fram beiðnina er heimilt að láta fylgja henni skjal eða annað stuðningsefni sem talið er nauðsynlegt til stuðnings beiðninni.

*3. gr.*

### **Staðfesting á móttöku**

Innan 10 virkra daga frá því að tengiliður yfirvalds sem beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti er beint til móttekur hana skal það yfirvald senda staðfestingu á móttöku til yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í II. viðauka.

*4. gr.*

### **Svar við beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti**

1. Yfirvald sem beiðni er beint til skal svara beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti á pappírformi eða með rafrænum hætti og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í III. viðauka. Nema yfirvaldið sem leggur fram beiðnina tilgreini annað skal svarið stílað á tengilið þess.
2. Yfirvaldið sem beiðninni er beint til skal afgreiða beiðnir um samstarf eða upplýsingaskipti með hætti sem tryggir að allar nauðsynlegar stjórnvaldsaðgerðir séu framkvæmdar án ástæðulausrar tafar, að teknu tilliti til flækjustígs beiðninnar og nauðsynjar þess að fá aðkomu þriðju aðila eða annars yfirvalds að málinu.

*5. gr.*

### **Verklag sendinga og afgreiðslu beiðna um samstarf eða upplýsingaskipti**

1. Yfirvaldið sem leggur fram beiðni og yfirvaldið sem henni er beint til skulu eiga samskipti um hana annaðhvort á pappírformi eða rafrænt, eftir því hvort er fljótvirkara, og að teknu tilhlýðilegu tilliti til þagnarskyldu, samskiptatíma, magns upplýsinga sem þarf að veita og aðgengileika upplýsinganna fyrir yfirvaldið sem leggur fram beiðnina. Einkum skal yfirvaldið sem leggur fram beiðnina bregðast skjótt við öllum beiðnum yfirvaldsins sem henni er beint til um útskýringar.
2. Yfirvaldið sem beiðninni er beint til skal gera yfirvaldinu sem leggur hana fram viðvart ef það sér fram á seinkun á svari sem nemur meira en fimm virkum dögum umfram áætlaðan svardag sem tilgreindur er í staðfestingu móttöku.

3. Hafi yfirvaldið sem leggur fram beiðnina tilgreint að hún sé brýn skulu yfirvaldið sem henni er beint til og yfirvaldið sem leggur hana fram hafa samráð um hve oft yfirvaldið sem beiðninni er beint til skuli veita yfirvaldinu sem leggur hana fram uppfærðar upplýsingar um afgreiðslu sína á beiðninni og áætlaðan svardag.
4. Yfirvaldið sem beiðninni er beint til og yfirvaldið sem leggur hana fram skulu vinna saman að því að leysa þau vandkvæði sem upp kunna að koma við afgreiðslu beiðninnar.

*6. gr.*

**Verklag beiðna um skýrslutöku af einstaklingi**

1. Ef yfirvaldið sem leggur fram beiðni biður í henni um skýrslutöku af einstaklingi skulu yfirvaldið sem beiðninni er beint til og yfirvaldið sem leggur hana fram, með fyrirvara um gildandi lagalegar takmarkanir eða hömlur og mismunandi verklagskröfur, meta og taka tillit til:

- a) réttinda einstaklingsins eða einstaklinganna sem fyrirhugað er að taka skýrslu af,
- b) hlutverks starfsfólks yfirvaldsins sem beiðninni er beint til og yfirvaldsins sem leggur hana fram við skýrslutökuna,
- c) þess hvort einstaklingurinn sem fyrirhugað er að taka skýrslu af eigi rétt á aðstoð lagalegs fyrirvarsmanns og, ef svo er, umfangs aðstoðar fyrirvarsmannsins meðan á skýrslutöku stendur, þ.m.t. að því er varðar gögn eða greinargerð um skýrslugjöfina,
- d) þess hvort skýrslugjöfin sé valfrjáls eða skyldubundin ef slíkur greinarmunur er gerður,
- e) þess hvort, miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir þegar beiðnin er lögð fram, einstaklingurinn sem fyrirhugað er að taka skýrslu af sé vitni eða til rannsóknar,
- f) þess hvort, miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir þegar beiðnin er lögð fram, unnt, eða fyrirhugað sé að nota skýrslugjöfina í sakamáli,
- g) þess hvort skýrslugjöfin sé tæk í lögsögu yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina,
- h) skráningar skýrslugjafarinnar og gildandi verklags, þ.m.t. hvort hún verði skráð jafnóðum eða dregin saman í skriflega greinargerð eða á hljóðformi eða hljóð- og hreyfimyndformi,
- i) verklags við vottun eða staðfestingu skýrslugjafa á skýrslugjöf sinni, þ.m.t. hvort slíkt fer fram að skýrslugjöf lokinni.

2. Yfirvaldið sem beiðninni er beint til og yfirvaldið sem leggur hana fram skulu tryggja að fyrirkomulag sé til staðar svo starfsfólk sitt geti unnið á skilvirkan hátt, þ.m.t. fyrirkomulag sem gerir starfsfólkinu kleift að koma sér saman um hvers kyns viðbótarupplýsingar sem kunna að vera nauðsynlegar, þ.m.t. eftirfarandi:

- a) áætlaðar dagsetningar,
- b) spurningalista sem leggja skal fyrir skýrslugjafann og endurskoðun hans,
- c) ferðafyrirkomulag, þ.m.t. til að tryggja að yfirvaldið sem beiðninni er beint til og yfirvaldið sem leggur hana fram geti hist til að ræða málið áður en skýrsla er tekin,
- d) fyrirkomulag þýðingum.

*7. gr.*

**Verklag beiðna um sannprófun á staðnum eða rannsókn**

1. Þegar beiðni er lögð fram um að framkvæma sannprófun eða rannsókn á staðnum skulu yfirvaldið sem leggur fram beiðnina og yfirvaldið sem henni er beint til hafa samráð um hvernig beiðnin um samstarf geti nýst sem best að teknu tilliti til a-, b- og c-liðar 1. mgr. 80. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, þ.m.t. um kosti þess að framkvæma sameiginlega sannprófun á vettvangi eða sameiginlega rannsókn.

Við ákvörðun þess hvernig beiðnin um samstarf geti nýst sem best skulu yfirvaldið sem leggur fram beiðnina og yfirvaldið sem henni er beint til taka tillit til a.m.k. eftirfarandi þátta:

- a) efnis hvernar beiðni um samstarf sem berst frá yfirvaldinu sem leggur fram beiðnina, þ.m.t. sjónarmiða um hentugleika þess að framkvæma sameiginlega rannsókn eða sannprófun á staðnum,
- b) hvort þau séu hvort um sig að gera eigin athuganir á máli sem nær yfir landamæri og hvort heppilegra væri að hafa samvinnu um málið,

- c) laga- og reglurammans í hvorri lögsögu þeirra um sig, til að tryggja að bæði yfirvöldin skilji vel mögulegar hömlur og lagatakmarkanir á framgöngu þeirra og hvers kyns málsmeðferð í kjölfarið, þ.m.t. atriði sem tengjast meginreglunni um að vera ekki saksóttur eða refsað tvívegis fyrir sama brot (*ne bis in idem*),
- d) nauðsynlegrar stjórnunar og leiðsagnar í þágu rannsóknarinnar eða vettvangsskoðunarinnar,
- e) úthlutunar tilfanga og skipunar starfsfólks sem fer með framkvæmd rannsókna eða vettvangsskoðana,
- f) möguleikans á að koma á sameiginlegri aðgerðaáætlun og tímasetningar verkefna hvors yfirvalds um sig,
- g) ákvörðunar þeirra aðgerða sem hvort yfirvald þarf að grípa til, sameiginlega eða hvort í sínu lagi,
- h) gagnkvæmrar miðlunar þeirra upplýsinga sem aflað er og upplýsingagjafar um útkomu einstakra aðgerða sem gripið er til,
- i) annarra atriða sem eru sértæk fyrir hvert tilvik.

2. Framkvæmi yfirvaldið sem beiðninni er beint til sannprófunina eða rannsóknina sjálf skal það halda yfirvaldinu sem leggur fram beiðnina upplýstu um gang þeirra aðgerða og leggja fram niðurstöður sínar tímanlega.

3. Ákveði yfirvaldið sem leggur fram beiðnina og yfirvaldið sem henni er beint til að ráðast í sameiginlega rannsókn eða sannprófun á staðnum skulu þau:

- a) vera í stöðugum samskiptum til að samræma upplýsingaöflun og ákvörðun málsatvika,
- b) starfa náið saman við framkvæmd sameiginlegrar rannsóknar eða vettvangsskoðunar,
- c) tilgreina þau lagaákvæði sem gilda um viðfangsefni rannsóknarinnar eða vettvangsskoðunarinnar,
- d) ef við á, koma sér saman um a.m.k. eftirfarandi:
  - i. hvort semja þurfi sameiginlega aðgerðaáætlun sem tilgreinir viðfangsefni, eðli og tímasetningar þeirra aðgerða sem grípa á til, þ.m.t. úthlutun ábyrgðar til að ná fram tilætluðum afrakstri vinnunnar að teknu tilliti til áherslna hvors yfirvalds um sig,
  - ii. tilgreiningu og mat á öllum lagatak mörkunum eða hömlum og öllum mismun á málsmeðferð að því er varðar rannsóknar- eða stjórnvaldsaðgerðir eða aðra málsmeðferð, þ.m.t. að því er varðar réttindi þeirra sem sæta rannsókn,
  - iii. tilgreiningu og mat á tilteknum reglum um þagnarskyldu lögmannna sem kunna að hafa áhrif á ferli rannsóknarinnar og stjórnvaldsmeðferð, þ.m.t. varðandi réttinn til að fella ekki á sig sök,
  - iv. almannatengsla- og fjölmiðlastefnu,
  - v. fyrirhugaða notkun á upplýsingum sem skipst er á.

8. gr.

### Óumbeðin upplýsingaskipti

1. Búi lögbært yfirvald yfir upplýsingum sem það telur að gætu nýst öðru lögbæru yfirvaldi við störf sín samkvæmt tilskipun 2014/65/ESB eða reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 <sup>(1)</sup>, skal það senda þær upplýsingar á pappírformi eða með rafrænum hætti til tengiliðar hins lögbæra yfirvaldsins.

2. Telji lögbæra yfirvaldið sem sendir upplýsingarnar að áriðandi sé að senda þær er því heimilt, þrátt fyrir 1. mgr., að koma þeim fyrst á framfæri munnlega, að því tilskildu að þær séu í kjölfarið sendar skriflega innan hæfilegs frests, nema yfirvaldið sem móttækur upplýsingarnar samþykki annað.

3. Yfirvald sem sendir upplýsingar óumbeðið skal nota eyðublaðið sem sett er fram í III. viðauka og einkum tilgreina atriði sem tengjast upplýsingaleynd.

<sup>(1)</sup> Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

9. gr.

### **Krafa um tilkynningu til lögbærra yfirvalda**

1. Kjósi lögbært yfirvald skipulegs verðbréfamarkaðar, skv. 1. mgr. 80. gr. tilskipunar 2014/65/ESB, að hafa beint samband við verðbréfafyrirtæki sem eru fjaraðilar að eða -þátttakendur í skipulega markaðnum skal það gera lögbæru yfirvaldi í heimaaðildarríki fjaraðilans eða -þátttakandans viðvart, á pappírformi eða með rafrænum hætti og nota til þess eyðublaðið sem sett er fram í IV. viðauka þessarar reglugerðar, tafarlaust eftir að það hefur haft samband við fjaraðilann eða -þátttakandann, nema yfirvaldið í heimaaðildarríki fjaraðilans eða -þátttakandans hafi áður samþykkt skriflega að fá upplýsingarnar með öðrum samskiptaleiðum.

2. Liggi brýn ástæða að baki því að hafa beint samband við fjaraðilann að eða -þátttakandann í skipulega markaðnum er lögbæru yfirvaldi skipulega markaðarins heimilt, standi til þess gild rök, að koma tilkynningunni á framfæri munnlega, að því tilskildu að beiðnin sé staðfest skriflega í kjölfarið innan hæfilegs frests, nema yfirvaldið sem beiðninni er beint til samþykki annað.

10. gr.

### **Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. júní 2017.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

\_\_\_\_\_

## I. VIÐAUKI

## Eyðublað fyrir beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti

Beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti

Tilvísunarnúmer: .....

Dagsetning: .....

## Almennar upplýsingar

FRÁ:

Aðildarríki:

Yfirvald sem leggur fram beiðni:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Aðildarríki:

Yfirvald sem beiðni er beint til:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

Ágæti/a [færa skal inn viðkomandi nafn]

Í samræmi við [80/81 (1)] gr. tilskipunar 2014/65/ESB er óskað eftir innleggi ykkar í tengslum við mál sem nánar er greint frá hér að neðan.

Við yrðum þakklát fyrir að fá svar við ofangreindri beiðni í síðasta lagi [færa skal inn leiðbeinandi dagsetningu svars, og ef um er að ræða beiðni sem brýnt er að svara skal færa inn dagsetningu frests sem veita þarf upplýsingarnar innan] eða sé það ekki mögulegt, fá upplýsingar um hvenær þið búist við að vera í aðstöðu til að veita umbeðna aðstoð.

(1) Færa skal inn viðkomandi grein tilskipunar 2014/65/ESB.

**Tegund beiðni**

Merkja skal í viðeigandi reit(i)

Eftirlitsstarfsemi (upplýsingagjöf, skýrslutaka, annað)

Rannsókn

Sannprófun á staðnum

**Ástæða beiðni**

.....

.....

.....

[færa skal inn ákvæði sérlega sem eru forsendur þess að yfirvaldið sem leggur fram beiðnina sé lögbært til að annast málið]

Beiðnin varðar samstarf eða upplýsingaskipti um

.....

.....

.....

.....

.....

.....

[færa skal inn lýsingu á viðfangsefni beiðninnar, tilgangi þess að óskað er eftir samstarfi eða upplýsingaskiptum, málsvikum sem liggja að baki rannsókninni og til grundvallar beiðninni og útskýringu á því hvernig hún nýtist]

Enn fremur .....

.....

.....

.....

.....

[ef við á skal færa inn upplýsingar um fyrri beiðni svo unnt sé að bera kennsl á hana]

**Eftirlitsstarfsemi (upplýsingagjöf, skýrslutaka)**

a) Lýsa skal ítarlega þeim tilteknu upplýsingum sem óskað er eftir og ástæðum þess að þær nýtist og láta fylgja lista yfir þá aðila sem eru taldir búa yfir þessum upplýsingum eða staði þar sem unnt er að afla slíkra upplýsinga, sé það vitað.

.....

.....

.....

.....

b) Varði beiðnin upplýsingar sem tengjast viðskiptum eða fyrirmælum/tilboði sem varðar tiltekinn fjármálagerning skal veita eftirfarandi upplýsingar.

Tilgreining afurðar: .....

[færa skal inn nákvæma lýsingu á fjármálagerningnum, þ.m.t. ISIN-númerið]

Tilgreining aðila: .....

[tilgreina skal þá aðila sem tengjast viðskiptunum eða fyrirmælunum/tilboðinu, þ.m.t. aðilann sem á í viðskiptum með fjármálagerninginn eða fyrir hvers hönd viðskiptin eru talin hafa átt sér stað]

Dagsetningar: .....

[tilgreina skal milli hvaða dagsetninga viðskiptin eða fyrirmælin/tilboðin um þessa fjármálagerninga voru lögð fram, þ.m.t. sé um að ræða umtalsverðan tíma, ástæður þess að allt tímabilið sé gagnlegt]

- c) Varði beiðnin upplýsingar sem tengjast atvinnurekstri eða starfsemi aðila, skal veita eins nákvæmar upplýsingar og unnt er til að gera kleift að bera kennsl á þann aðila.

.....  
 .....  
 .....

- d) Ef huga þarf sérstaklega að viðkvæmni þeirra upplýsinga sem óskað er eftir skal gefa til kynna hve viðkvæmar þær upplýsingar sem beiðnin vísar til eru og greina frá öllum sérstökum varúðarráðstöfunum sem gera verður við öflun upplýsinganna vegna rannsóknarhagsmuna.

.....  
 .....  
 .....

- e) Veita skal hvers kyns viðbótarupplýsingar.

.....  
 .....  
 .....

[Hvort yfirvaldið sem leggur fram beiðnina hafi verið eða verði í sambandi við annað yfirvald eða löggæslustofnun í aðildarríki okkar í tengslum við efni beiðninnar eða annað yfirvald sem yfirvaldinu sem leggur fram beiðnina er kunnugt um að eigi virkra hagsmuna að gæta varðandi efni beiðninnar]

- f) Sé um að ræða beiðni sem brýnt er að svara og setningu tímafrests skal skýra með fullnægjandi hætti hvers vegna erindið er brýnt og útskýra tímafresti sem yfirvaldið sem leggur fram beiðnina hefur óskað eftir að fá upplýsingarnar innan.

.....  
 .....  
 .....

#### Skýrslutaka

Tilgreina skal:

- a) Skýrslan er: eiðsvarin /staðfest með drengskaparheiti



b) Nauðsyn og tilgangur skýrslutöku:

.....  
 .....  
 .....

c) Nafn/nöfn einstaklinga sem skýrsla skal tekin af:

.....  
 .....  
 .....

*[Færa skal inn upplýsingar um þá einstaklinga sem skýrsla verður tekin af til að gera yfirvaldinu sem beiðninni er beint til kleift að hefja boðunarferli skýrslutöku þegar við á]*

d) Nákvæm lýsing á þeim upplýsingum sem sóst er eftir, þ.m.t. bráðabirgðaspurningalisti (liggi hann fyrir þegar beiðnin er send).

.....  
 .....  
 .....  
 .....

e) Aðrar viðbótarupplýsingar sem kunna að gagnast:

.....  
 .....  
 .....  
 .....

*[Hvort starfsfólk yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina óskar eftir að taka þátt í skýrslutökunni, upplýsingar um þá fulltrúa yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina sem munu taka þátt og, eftir atvikum, lýsing á laga- og málsmeðferðarkröfum sem ber að hlíta til að tryggja að skýrslan verði tæk í lögsögu yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina]*

#### Sannprófun eða rannsókn á staðnum

Varði beiðnin sannprófun eða rannsókn á staðnum fyrir hönd yfirvaldsins sem leggur fram beiðnina skal veita upplýsingar sem gera yfirvaldinu sem beiðninni er beint til kleift að meta hvort það hafi hagsmuni af því að hefja sameiginlega rannsókn, þ.m.t. um sannprófunar- eða rannsóknartillögu yfirvaldsins sem leggur fram beiðni, rökstuðning hennar og ávinninginn fyrir yfirvaldið sem beiðninni er beint til.

.....  
 .....  
 .....  
 .....

*[þ.m.t. allar viðkomandi upplýsingar sem yfirvaldið sem beiðninni er beint til þarf til að veita nauðsynlega aðstoð, eftir atvikum]*

.....  
 .....  
 .....

*[Færa skal inn allar nauðsynlegar viðvaranir um þagnarskyldu og allar nauðsynlegar takmarkanir á heimilli notkun upplýsinga (í samræmi við lög Sambandsins)].*

Virðingarfyllst,

[undirskrift]

## II. VIÐAUKI

## Eyðublað fyrir staðfestingu á móttöku

## Staðfesting á móttöku

Tilvísunarnúmer:

Dagsetning:

FRÁ:

Aðildarríki:

Yfirvald sem beiðni er beint til:

Heimilisfang:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Aðildarríki:

Yfirvald sem leggur fram beiðni:

Lögheimili:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

Ágæti/a [færa skal inn viðkomandi nafn]

Í framhaldi af beiðni ykkar [færa skal inn tilvísun í beiðnina] er móttaka beiðni ykkar um samstarf eða beiðni ykkar um upplýsingar hér með staðfest hinn [færa skal inn dagsetningu].

Áætluð dagsetning svars: .....

Virðingarfyllst,

[undirskrift]

## III. VIÐAUKI

## Eyðublað fyrir svar við beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti

Svar við beiðni um samstarf eða upplýsingaskipti

Tilvísunarnúmer:

Dagsetning:

## Almennar upplýsingar

FRÁ:

Aðildarríki:

Yfirvald sem beiðni er beint til:

Lögheimili:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Aðildarríki:

Yfirvald sem leggur fram beiðni:

Lögheimili:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

Ágæti/a [færa skal inn viðkomandi nafn]

Hér með staðfestist að beiðni ykkar dags. [dd.mm.áááá] með tilvísunarnúmeri [færið inn tilvísunarnúmer] hefur verið afgreidd.

## Upplýsingar sem aflað hefur verið

.....

.....

.....

.....

[Hafi upplýsinganna verið aflað skal setja þær fram hér eða útskýra hvernig þær verða veittar]

Þagnarskylda gildir um veittar upplýsingar og er þeim miðlað til [færa skal inn heiti yfirvaldsins sem leggur fram beiðni] skv. [færa skal inn ákvæði MiFID II tilskipunarinnar] og á grundvelli þess að upplýsingarnar skuli áfram vera bundnar trúnaði í samræmi við [færa skal inn ákvæði MiFID II tilskipunarinnar].

[Færa skal inn nafn yfirvaldsins sem leggur fram beiðni] skal fara að kröfum [færa skal inn ákvæði MiFID II tilskipunarinnar] að því er varðar takmarkanir vegna þagnarskyldu og heimila notkun þeirra upplýsinga.

.....  
.....  
.....

[Færa skal inn allar nauðsynlegar viðvaranir um þagnarskyldu eða allar nauðsynlegar takmarkanir á leyfilegri notkun upplýsinga (í samræmi við lög Sambandsins)].

Tilgreina skal allar nánari skýringar sem þið kunnið að þarfnast í tengslum við þær tilteknu upplýsingar sem óskað er eftir:

.....  
.....  
.....  
.....

Veita skal, að eigin frumkvæði, allar mikilvægar upplýsingar sem gætu nýst samstarfinu eða upplýsingaskiptunum í tengslum við beiðnina:

.....  
.....  
.....  
.....

Virðingarfyllst,

[undirskrift]

## IV. VIÐAUKI

**Tilkynningareyðublað til að hafa beint samband við fjaraðila að eða -þátttakanda í skipulegum markaði**

Tilkynning til að hafa beint samband við fjaraðila að eða -þátttakanda í skipulegum markaði

Tilvísunarnúmer:

Dagsetning:

FRÁ:

Aðildarríki:

Yfirvald skipulegs markaðar:

Lögheimili:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

TIL:

Aðildarríki:

Yfirvald fjaraðila að eða -þátttakanda í skipulegum markaði:

Lögheimili:

(Samskiptaupplýsingar tengiliðar)

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

Ágæti/a [færa skal inn viðkomandi nafn]

Hér með tilkynnist að við höfum nýlega haft beint samband við fjaraðila að eða -þátttakanda í skipulegum markaði sem heyrir undir okkur sem lögbært yfirvald í heimaaðildarríki. Hér að neðan eru upplýsingar um skipulega markaðinn og fjaraðilann eða -þátttakandann og ástæður þess að haft er samband við hann.

Nafn skipulegs markaðar:

Nafn fjaraðila eða -þátttakanda:

*Samskiptaupplýsingar einstaklingsins hjá fjaraðilanum eða -þátttakandanum sem haft er samband við:*

Nafn:

Sími:

Tölvupóstfang:

*Ástæður þess að hafa samband við fjaraðilann eða -þátttakandann*

.....  
.....  
.....